

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu og sorpeyðingu í Strandabyggð.

1. gr.

Árleg gjöld eru sem hér greinir:

Sorpgjald á íbúðir í þéttbýli kr. 48.670.

Sorpgjald á lögbýli og íbúðarhús í dreifbýli kr. 40.120.

Sorpgjald vegna sumarhúsa kr. 24.330 enda geti notendur í dreifbýli losað sig við sorp á gámasvæði og flokkunarstöð sveitarfélagsins.

Sorpgjald á hverja starfsstöð fyrirtækis:

Fyrirtæki, stofnanir og aðrir lögaðilar greiða sorphirðugjald samkvæmt áætlun um kostnað við sorphirðu og sorpeyðingu frá þeim.

| | | |
|------------|-----|-----------|
| Flokkur 1 | kr. | 48.670 |
| Flokkur 2 | kr. | 73.010 |
| Flokkur 3 | kr. | 103.510 |
| Flokkur 4 | kr. | 146.110 |
| Flokkur 5 | kr. | 186.320 |
| Flokkur 6 | kr. | 270.340 |
| Flokkur 7 | kr. | 522.480 |
| Flokkur 8 | kr. | 779.540 |
| Flokkur 9 | kr. | 1.935.310 |
| Flokkur 10 | kr. | 3.057.040 |
| Flokkur 11 | kr. | 3.893.783 |

Sveitarstjórn raðar fyrirtækjum í flokka samkvæmt eðli og umfangi starfsemi þeirra.

2. gr.

Að lokinni álagningu skv. 1. gr. hafa greiðendur 30 daga frest til að gera athugasemdir við gjaldtöku Strandabyggðar. Athugasemdir skulu vera skriflegar og vel rökstuddar. Sveitarstjórn er heimilt að breyta gjaldtöku með tilliti til réttmætis framsettra athugasemda.

3. gr.

Gjaldskrá þessi er samþykkt af sveitarstjórn Strandabyggðar 8. desember 2020. Gjaldskráin er sett skv. ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum. Gjaldskráin öðlast þegar gildi, jafnframt fellur brott gjaldskrá sama efnis nr. 147/2020.

Strandabyggð, 11. febrúar 2021.

Þorgeir Pálsson sveitarstjóri.